

BORGARRÁÐ 23. maí 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innkaupabeiðnir - MSS24050116

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um það hvernig verklag með innkaupabeiðnum er háttað hjá Reykjavíkurborg. Einnig er óskað eftir því að vita af hverju rafrænar innkaupabeiðnir og kort hafi ekki enn verið innleidd hjá Reykjavíkurborg.

Greinargerð:

Eftir því sem Flokkur fólksins í borgarstjórn kemst næst virðist verklag innkaupabeiðna verið nánast óbreytt undanfarna áratugi. Um er að ræða handskrifaðar pappírsbeiðnir sem látnar eru fylgja pappírsreikningum sem sendir eru til borgarinnar sem síðan þarf að skrá handvirkt í tölvukerfi. Mörg sveitarfélög ásamt ríkinu hafa tekið upp rafræn beiðnakerfi. Fulltrúi Flokks fólksins hefur heyrt af því að beiðnum úr beiðnaheftum borgarinnar hafi stundum verið stolið og í einu tilfelli hafi ekki verið hægt að gera grein fyrir allt að 7 milljónum sem verslað var með handskrifaðri innkaupabeiðni frá Reykjavíkurborg. Ljóst er að rafrænar innkaupabeiðnir eru ráðandi í innkaupum opinberra aðila hér á landi sem annars staðar og ef satt reynist að fyrirkomulag innkaupabeiðna hjá Reykjavíkurborg sé með þeim hætti sem að ofan greinir, telur fulltrúinn það vera alvarlegt mál sem þurfi að lagfæra sem allra fyrst með stafrænni umbreytingu.